



**681. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Sunnumörk 2, fimmtudaginn 17. ágúst 2017 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11.ágúst 2017. - 1708001**

Í bréfinu óskar sýslumaður eftir umsögn Hveragerðisbæjar um ósk um leyfi til tímabundins áfengisleyfis fyrir Ölverk í Hveragerði.

*Bæjarráð samþykkir leyfið.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11.ágúst 2017. – 1708001](#)  
[Umsókn](#)

**2. Opnun tilboða - Fráveita Breiðamörk og Brattahlíð 2017. - 1708002**

Tilboð úr verðkönnun voru opnuð í verkið "Fráveita Breiðamörk og Brattahlíð 2017" á skrifstofu bæjarins þann 9. ágúst kl. 11:00.

Sex aðilum var boðið að bjóða í verkið en þrír skiluðu tilboðum. Þeir voru:

Aðalleið ehf kr. 16.845.500,-

Arnon ehf kr. 15.444.200,-

Guðmundur Sigurðsson kr. 16.957.000,-

Kostnaðaráætlun nam kr. 14.822.500,-

*Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda.*

Fylgigögn:

[Opnun tilboða - Fráveita Breiðamörk og Brattahlíð 2017. - 1708002](#)

**3. Fundargerð skipulags- og mannvirkjanefndar frá 8.ágúst 2017. - 1708003**

*Eftirtaldir liðir bornir upp og afgreiddir sérstaklega, 1, 2 og 3.*

*Liður 1 "Brattahlíð 1-3 breyting á deiliskipulagi". Bæjarráð samþykkir umræddar breytingar.*

*Liður 2 "Tillaga um að leiksvæði í Heiðarbrún verði breytt í einbýlishúsalóð". Bæjarráð samþykkir að ákvörðun um framtíðarnotkun lóðarinnar verði frestað þar til reynsla er komin á ný leiksvæði í grenndinni.*



*Liður 3 "Edenreitir, tillaga að götuheitum". Bæjarráð samþykkir tillögur nefndarinnar um að göturnar tvær á reitnum fái heitin Aldinmörk og Edenmörk. Með nafngiftinni er vísað til þeirrar starfsemi sem þarna var áður fyrir í garðyrkju- og söluskálanum Eden.*

*Fundargerðin borin upp og samþykkt að öðru leyti.*

Fylgigögn:

[Fundargerð skipulags- og mannvirkjanefndar frá 8.ágúst 2017. - 1708003](#)

**4. Leikskóli Þelamörk 62, verkfundagerð frá 15.ágúst 2017. - 1708006**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Leikskóli Þelamörk 62, verkfundagerð frá 15.ágúst 2017. – 1708006](#)

[ASK Arkitektar - Minnisblað](#)

**5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 10.ágúst 2017. - 1708004**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 10.ágúst 2017. - 1708004](#)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 08:10**

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)